

GOLFKLÚBBUR AKUREYRAR



SKÝRSLA STJÓRNAR

2015

1. NÓVEMBER 2014 – 31. OKTÓBER 2015



STJÓRN OG NEFNDIR STARFSÁRIÐ 2014-2015

Aðalstjórn

Formaður:	Sigmundur Ófeigsson	eitt ár
Varaformaður:	Jón Steindór Árnason	fyrri ár
Ritari:	Ingi Torfi Sverrisson	seinna ár
Gjaldkeri:	Guðlaug M. Óskarsdóttir	fyrri ár
Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	fyrri ár

Varamenn í stjórn

1. varamaður Sigurður Skúli Eyjólfsson eitt ár
2. varamaður Eygló Birgisdóttir eitt ár

Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Jón S. Hansen
Heimir Jóhannsson
Sverrir Þorvaldsson
Bjarni Þórhallsson
Þórunn Haraldsdóttir
Ágúst Jensson
Steindór Kr. Ragnarsson

Kappleikjanefnd (GSÍ)

Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson
Haraldur Bjarnason
Skrifstofa GA

Forgjafar og aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Eiður Stefánsson
Stefán Jónsson

Öldunganefnd

Haraldur Júlíusson
Þórunn Anna Haraldsdóttir
Hafberg Svansson

Orðunefnd

Halla Sif Svavarsdóttir
Guðlaug María Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri GA

Afreks og unglínganefnd

Formaður: Skúli Eyjólfsson
Bjarni Freyr Guðmundsson
Anton Ingi Þorsteinsson
Ágúst Jensson
Árni Jónsson
Golfkennari GA

Arctic Open nefnd

Formaður: John Júlíus Cariglia
Viðar Valdimarsson
Halla Sif Svavarsdóttir
Jón Egill Gíslason
Eygló Birgisdóttir
Heimir Örn Árnason
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri GA

Nýliðanefnd

Formaður: Karl Guðmundsson
Þorsteinn Konráðsson
Sigurlaug Helgadóttir
Snæbjörn Snæbjörnsson
Jón Gunnar Traustason

Húsnefnd

Þorsteinn Konráðsson
Ingólfur Bragason
Baldur Ingi Karlsson
Jón Vídalín

Skoðunarmenn ársreikninga

Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia



SKÝRSLA FORMANNS

Góðir félagar, ég býð ykkur öll velkomin að Jaðri á aðalfund Golfklúbbs Akureyrar 2015

Áður en fundur hefst formlega langar mig að biðja fundargesti og félagar GA að rísa úr sætum og minnst látinn félagar okkar, en einn félagi GA lést á starfsárinu. Það var Árni Jóhannsson.

Kæru GA félagar, mig langar hér í upphafi að þakka bæði ykkur og einnig því frábæra starfsfólki sem vinnur hjá GA, ýmist á launaskrá eða sjálboðavinnu, fyrir afar jákvætt og gott samstarf. GA er áhugamanna og íþróttafélag og er auðvitað lítið annað en félagar klúbbsins og starfsfólk hans. Það erum jú við sem myndum liðsheildina og mótum okkar klúbbs. Það er mitt mat að GA hafi sjaldan staðið sterkar, með afar sterkann fimm manna starfsmannahóp sem saman stendur af þeim Ágústi framkvæmdastjóra, Steindóri, vallarstjóra, Sturlu, golfkennara, Valdimar, aðstoðarvallarstjóra og Birgi viðhaldsmanni. Þegar ég tók við formennsku hér þá fannst okkur stjórnarmönnum nauðsynlegt að styrkja starfsmannahópinn upp í a.m.k. fimm starfsmenn. Okkur þótti það fjarlæggt markmið sem þó er orðin raunin núna og hefur stjórn samþykkt að ráða einn starfsmann til viðbótar, aðstoðargolfkennara með Sturlu.



Félagsstarfið gekk afar vel í ár. Nýr kennari var ráðinn í byrjun starfsársins, Sturla Höskuldsson og kom hann til starfa

á vormánuðum. Það var mikill fengur fyrir klúbbinn að fá Sturlu, hann hefur sinnt unglingsstarfinu afar vel og vona ég að GA félagar sjái sér hag í því að nýta sér þjónustu hans. Hann virkjaði strax inniaðstöðu okkar í Golfhöllinni og má segja að vetrarstarfið hafi sjaldan verið blómlegra. Góð þáttaka var í öll púttmótin og oft mikill fjöldi félagar við inniaefingar. Golfhermar voru vel nýttir bæði til kennslu sem og til að spila. Það er alveg ljóst að við þurfum á komandi árum að fjárfesta í öðru Trackman tæki bæði til að geta sinnt kennslu sem og getað spilað „inni“ golf, auk þess sem Tracman verður nauðsynlegur í aðstöðu kennara að Klöppum.

Annar starfsmaður var ráðinn til Golfklúbbsins á sama tíma, ekki minna mikilvægur, en Valdimar Þengilsson var ráðinn sem aðstoðar vallarstjóri. Valdimar er öllum hnútum kunnugur enda hefur hann unnið fyrir GA áður og er það okkar mat að við höfum náð í mjög öflugan mann sem styrkir liðsheildina vel. Við létum ekki staðar numið þarna í fjárfestingum þega mannauðurinn hafði verið eflur lá beinast við að bæta tæki og tól. Keypt voru fjögur tæki fyrir þetta sumar. Það var komin talsverð tækjapörf hjá okkur og ef við viljum hafa golfvöll í fremstu röð er nauðsynlegt að eiga til þess öflug og góð tæki til að viðhalda vellinum. Einnig er útseld vinna hjá okkur að aukast og samstarf við klúbbana hér í kring að verða meira. Af



Þeim vélum sem fjárfest var í ber helst að nefna að keypt var ný götunarvél sem nýtist okkur vel hvort sem er yfir sumartímann við að gata flatir og annað eða yfir vetrartímann við það að brjóta klaka. Nú á GA einnig Trackmann kennslutækið / golfherminn en gengið var frá kaupum á honum þegar Brian hætti hjá okkur í vor.

Vetur 2014-2015 var nokkuð erfiður með tilliti til veðráttu þar sem umhleyplingar ollu nokkurri klakamyndun sem hafði í för með sér nokkuð kal í vor, sérstaklega á flötum. Okkar starfsfólk var þó öflugt að reyna að vinna á klakamyndunni og er sjáanlegt að með hverju árinu breytast vinnubrögðin og völlurinn batnar, reynslan þroskar okkar fólk. Á vetrarmánuðum kláruðum við að loka uppbyggingasamningnum við Akureyrarbæ þar sem aðilar voru sammála um að klára uppbygginuna 2016, en þá verður haldið Íslandsmót í högguleik hjá GA að Jaðri. Þessum loka áfanga hefur þegar verið hrint í framkvæmd og eru stærstu verkefni bygging Klappa (æfingahúsið) og litill þar 3, 6 holu völlur.

Í tilefni 80 ára afmælis GA voru nokkrar uppákomur á árinu m.a. var blásið til afmælisferðar GA til Spánar, á Íslantilla og heppnaðist sú ferð afar vel. Þess má geta að mikill þrýstingur myndaðist strax um svipaða ferð að ári og er nú uppselt í aðra GA ferð sem farin verður 28. mars en þá fer 109 manna hópur með flugi frá Akureyri til Portúgals.



Vorið og sumarið lét heldur betur á sér standa þetta árið en vart er hægt

að tala um að sumar hafi komir hér norðanlands í ár. Sumarið var allt frá vordögum eindæma kalt og sérstaklega sólarshvætt. Þetta hafði eðlilega áhrif á gæði vallarins en það er mitt mat að starfsfólki hafi tekist einstaklega vel til með vallarvinnuna og var ástand vallarins langt umfram það sem við hefðum getað vænst miðað við veðurfar enda má segja að aðsóknartölur á völlinn sýni það því svipað margir hringir eru spilaðir sumarið 2015 eins og sumarið 2014, tæplega 25 þúsund hringir. Ferðamenn og gestir létu sig þó vanta en væntanlega hafa GA félagar spilað óvenju mikið. Hafði þetta slæma sumar einnig talsverð áhrif á rekstur Lundsvallar sem er í umsjá GA. Flatirnar á Lundsvelli komu því miður ekki nógu vel undan vetri og náðu sér aldrei almennilega á strik í sumar. Fyrir utan flatirnar var völlurinn í virkilega góðu ásigkomulagi. Síðastliðinn vetur vorum við með trjágreinar á flötunum. Það reyndist því miður ekki nógu vel og virðist hafa hjálpað til við klakamyndun frekar en að draga úr henni. Ástand flata ásamt slæmri aðsókn í Vaglaskóg vegna kuldatíðar gerði það að verkum að tekjur drógust talsvert saman á Lundsvelli í ár.



Umhirða, umgengni og aðbúnaður vallar var okkur GA félögum til mikils sóma. Völlurinn skartaði sínu fegursta þrátt fyrir sólarleysið og erfiða verðráttu. Nýju brautirnar 5. og 6. voru vígðar þann 17. Júní af fjórum vöskum GA konum en gömlu holunum 8 og 9 var lokað. Bráðabirgða æfingasvæðið er nú á gömlu 8. og 9. brautum og nú er völlurinn kominn í það horf sem stefnt hefur verið að eftir þær breytingar sem sátt náðist um frá upphaflega uppbyggingarsamningnum. Nú er Jaðar orðinn einn besti keppnisvöllur landsins og er hann nú rétt yfir 6 km. langur af öftustu teigum. Það eru okkar væntingar að völlurinn verði í topp standi næsta sumar þegar Íslandsmót í höGGLEIK verður að Jaðri.

Mótahald var mjög öflugt í sumar, við héldum Íslandsmótið í holukeppni seinnihluta júnímánaðar sem tókst afar vel og voru veðurguðirnir okkur afar hliðhollir, Heiða Guðnadóttir GM og Axel Bóasson stóðu uppi sem Íslandsmeistarar. Arctic Open heppnaðist afar vel og var nánast full bókað í mótið, margir erlendir gestir, Hjóna og para var líka fullbókað og mikil ánægja með það mót hjá keppendum og er þegar full bókað fyrir komandi ár. GA hélt líka Landsmót UMFÍ sem heppnaðist með miklum ágætum.

Jaðar er nú orðin hluti af útivistarsvæði Akureyrar. Gerður var afar skemmtilegur göngustígur gegnum

Jaðar og strax í sumar var mikil umferð hjólandi og gangandi fólks þar um. Það er jákvætt fyrir okkur GA félag að bæjarbúar og gestir fái notið þeirrar fallegu umgjarðar sem Jaðar er, sem vel gróið og vel hirt útivistarsvæði. Það styrkir stöðu Jaðars að vera hluti af útivistarsvæði um leið og þar er fyrsta flokks golfvöllur, einn sá fallegasti á



Íslandi. Fleiri gönguleiðir eru fyrirhugaðar gegnum Jaðar og er þeim þannig hagað að þær eiga ekki að trufla leik golfara. Þessar gönguleiðir nýtast okkur svo afar vel við umferð tækja út á brautir.

Lokið var við gerð sex holu þar 3 vallar og verður hann klár á árinu 2017. Það er mat okkar í stjórn GA að þegar þar 3 völlurinn verður tilbúinn og Klappir verða klárar (en sú aðstaða verður klár á vormánuðum) þá verðum við með eina bestu golfaðstöðu landsins og þótt víðar væri leitað. Þá má heldur ekki gleyma þeirri flottu inniaðstöðu sem GA er með, Golfhöllinni, í Íþróttahöllinni.

Það skiptir okkur máli að vera með fyrsta flokks aðstöðu fyrir golfíþróttina á Akureyri, það er mikils virði að vera með 18 holu golfvöll, góðan keppnisgolfvöll með góða aðstöðu og góðu klúbbhúsi. Jaðar er einn þriggja 18 holu golfvalla utan 80 km. rás frá höfuðborgarsvæðinu. Okkur stjórnarnenn GA setti hljóða er fram komu tillögur til Golfþings um að halda 4. Íslandsmót í höGGLEIK af hverjum 5 skiptum á höfuðborgarsvæðinu, tillögur GSÍ samráðshóps um Íslandsmót var að setja kvóta á Íslandsmót á landsbyggðinni og ef af þessari hugmynd hefði orðið yrði næsta Íslandsmót að Jaðri upp úr 2050 og í framtíðinni yrðu u.þ.b. tvö Íslandsmót á öld að Jaðri. Okkur var ekki skemmt og má segja að barátta okkar í



Þessu máli, sem Jón Steindór og Ágúst leiddu, varð til þess að Golfþing féll frá þessum hugmyndum og farin var önnur og betri leið í samræmi við tillögu sem komu frá GA og sem þeir félagar kynntu á þinginu með stuðningi nokkurra annarra klúbba landsbyggðinni og leiddu til farsællar niðurstöðu.

Fjöldi GA félaga er nú 714 á móti 679 í fyrra. Þrátt fyrir þessa tölu er í raun fækkun fullborgandi meðlima í GA. Börn í golfskólanum í sumar voru öll munstruð í GA og lyftir það tölunni. Það er hins vegar þó nokkur lækkun á árgjaldstekjum milli ára.

Spilaðir hringir á Jaðri í sumar voru 24.445 sem er aukning frá fyrra ári um tæplega 600 hringi samkvæmt upplýsingum frá golf.is. Þarna hjálpaði m.a. góð tíð á haustmánuðum en spilað var inn á sumarflatir fram eftir nóvembermánuði.

Unglingar okkar voru mjög duglegir að keppa í sumar á mótum GSÍ og unnu marga sigra. Við GA félagar getum við verið stolt af unglíngunum. Í skýrslu afreks og unglínganefndar má finna upplýsingar um helstu afrek okkar unglínga.

Ég tel þó upp hér helstu afrek: Andrea Ýr varð tvöfaldur Íslandsmeistari þ.e. bæði í holukeppni sem og höggleik, Tumi Hrafn varð Íslandsmeistari í holukeppni 17-18 ára, Kristján Benedikt varð Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 15-16 ára og svo varð sveit pílta 18 ára og yngri Íslandsmeistari í sveitakeppni þess flokks. Í sveitinni voru þeir Kristján Benedikt, Tumi Hrafn, Víðir Steinar og Stefán Einar. Segja má að unglíngarnir okkar hafi staðið sig frábærlega og verið GA til sóma.



Akureyramótið var að vanda hápunktur mótahalds en því miður var þátttaka undir væntingum. Það væri þess virði að reyna að greina hvað veldur því þarna á hápunktur félagastarfs að birtast með mikilli þáttöku.

Akureyrameistarar GA urðu þau: Kristján Benedikt Sveinsson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir mínar til allra GA félaga sem og starfsmanna klúbbsins.

Sigmundur Einar Ófeigsson

Formaður GA



SKÝRSLA VALLARNEFNDAR

Völlurinn kom vel undan að nokkrum flötum undanskildum, það var aðallega vorið sem gerði okkur erfitt fyrir þar sem það var einstaklega kalt og þurrt. Gátum við því ekki farið eins snemma og stað og við hefðum viljað sem gerði það að verkum að nokkrar flatir fór ekki alveg nógu vel inn í sumarið. Sú aðferð starfsmanna að blása snjó af flötum og bræða svo rásir í klakann til að flýta fyrir bráðnun hefur augljóslega mikið að segja. Það má segja að allur janúar og meirihluti febrúar hafi farið í þá vinnu.

Opnað var inn á völlinn 24.maí eftir vel heppnaðan vinnudag, sem margir sóttu. Þar var tekið til hendinni og hreinsað í kringum golfskála, tré fjarlægð, göngustígar lagaðir ásamt mörgu öðru.

Golfvöllurinn skartaði sínu fegursta þegar leið á sumarið og var mikil og góð þáttaka í öllum mótum. Veðurfarið hafði sitt að segja þetta sumarið hvað völlinn varðar og umferð.

Teknar voru í notkun nýjar brautir (5 og 6) og var almenn ánægja með þær og eiga þær bara eftir að verða betri á næstu árum. Við minnkuðum umferð á þær í haust og lokuðum þeim áður en við lokuðum hinum holum vallarins. Gaf það virkilega góða raun og tóku brautirnar og þá sérstaklega flatirnar miklum framförum á þessum tíma. Fóru þær virkilega vel inn í veturinn og höfum við fulla trú á því að þær eigi eftir að skarta sínu fegursta á komandi árum.

Erfiðlega gekk að koma Lundsvelli á skrið sem má nær alfarið rekja til veðurfars, flatirnar voru því miður ekki nógu góðar í sumar en allt annað á vellinum var til fyrirmyndar. Það voru settar greinar á allar flatirnar í fyrrahaust sem gaf því miður ekki góða raun. Nú í haust þá hættum við slætti fyrr en venjulega og létum flatirnar vaxa aðeins fyrir veturinn auk þess sem við götuðum flatirnar á haustmánuðum.

Umhirða fótboltavalla gekk einnig mjög vel og hefur samstarfið við KA og Þór verið mjög gott, vellirnir voru í fínu standi í sumar þrátt fyrir erfitt tíðafar.





Framkvæmdir voru ekki miklar innan vallar en hafist var handa við gerð 6 holu æfingavallar og breytinga á æfingsvæði. Það voru þó ýmis „minni“ verkefni sem unnin voru á vellinum. Þar má t.d. nefnda sléttun á teigum, lagfæringu á svæðum á brautum ásamt ýmsu öðru.



Einnig voru gerðar nýjar brautarglompur á 2. 7. gg 13. braut.

Mikil dren vinna fór fram á nýja æfingasvæðinu og á haustmánuðum var byrjað á byggingu nýs æfingahúsnaðis sem stefnt er að opna á vormánuðum.

Vallarnefnd og vallarstjóri vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg fyrir vel unnin störf.



SKÝRSLA KAPPLEIKJANEFNDAR

Mótahald sumarsins tókst mjög vel. Opnunarmót Jaðars var haldið þann 30. maí sem er viku seinna en sumarið 2014. Síðasta mót sumarsins var svo haldið laugardaginn 17. Október.

Mótahald breyttist aðeins frá fyrra ári. Fyrsta opna mót sumarsins var 100 ára afmælistmót íþróttafélagsins Þórs. Fórum við af stað með miðvikudagsmótaröðina og gekk hún virkilega vel og var mjög góð þátttaka í henni. Góð þátttaka var í vel flestum mótum sumarsins fyrir utan kvennamótið okkar. Þar hefðum við vilja sjá betri þátttöku.

Akureyrarmótið var að venju haldið í byrjun júlí og voru það þau Stefanía Kristín Valgeirsdóttir og Kristján Benedikt Sveinsson sem urðu Akureyrarmeistarar. Óskum við þeim kærlega til hamingju með það.

Ágústmánuður var þétt setinn í mótahaldi. Hjóna og parakeppnin, VW open og sveitakeppni 18 ára og yngri drengja fóru hér fram í ágústmánuði og tókust virkilega vel.

Einn af hápunktum sumarsins í mótahaldi hjá okkur var Íslandsmótið í holukeppni, tókst mótahaldið

virkelega vel og voru það þau Heiða Guðnadóttir og Axel Bóasson sem stóðu upp í Íslandsmeistarar í blíðskaparveðri á Jaðri.

Holukeppnin var spiluð í allt sumar og var það Stefán Einar Sigmundsson sem stóð uppi sem sigurvegari þar og óskum við honum kærlega til hamingju með það.

Við viljum að lokum þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldi sumarsins á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra aðstoð.





SKÝRSLA ARCTIC OPEN NEFNDAR

Arctic Open fór fram dagana 25. – 27. júní.

Nefndarmeðlimi má sjá hér fremst í skýrslunni. Vil ég byrja á því að þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á nýliðnu ári þar sem Arctic Open tókst mjög vel og unnur þau öll virkilega gott starf.

Helstu samstarfsaðilar vegna mótsins voru Flugfélag Íslands, Toyota, Íslensk-Ameríska bæði vegna verðlauna í mótið auk teiggjafar sem þetta árið var FootJoy peysa. Í ár kom Vodafone inn sem annar af aðalstyrktaraðilum mótsins ásamt Flugfélaginu. Þá var Íslensk-Ameríska með stórt tjald við pútt- og vippsvæði þar sem boðið var upp á kynningu á kylfum þar sem þeir kynntu sínar vörur. Það er von nefndarinnar að samstarf við þessi fyrirtæki verði áfram farsælt á komandi árum.

Þátttakendur í mótinu voru rétt um 230, þar af um 40 erlendir kylfingar, sem er um 100% fjölgun milli ára. Keppendur komu frá 17 þjóðlöndum, sá sem kom lengst, kom alla leið frá Ástralíu.

Vallarstarfsmönnum eru færðar miklar þakkir fyrir þrotlausa vinnu við að gera Jaðar eins glæsilegan og kostur var eftir erfitt vor. Það var mál manna að völlurinn væri í góðu ástandi þrátt fyrir mjög svo brösuð veðurfar það sem af var sumri. Þá eru GA félögum einnig færðar bestu þakkir fyrir þá sjálfböðavinnu sem fór fram bæði fyrir mótið og á meðan því stóð yfir.

Líkt og í fyrra voru allir keppendur ræstir út á 1. teig en fyrri keppnisdaginn var nafn þess kylfings sem var næstur á teig lesið upp í hátalarakerfi að erlendri fyrirmynd. Þegar fyrirkomulagið er á þessa leið skapast mikil og góð stemning í golfskalanum allan daginn og langt fram á nótt en síðustu keppendur voru að ljúka leik um kl.6



Miðnætursólin lét því heldur betur sjá sig að þessu sinni og má með sanni segja að veðrið hafi verið stórkostlegt á meðan að á móti stóð. Ekki ský á himni, logn og fínn hiti. Fengu því okkar erlendir keppendur sem og allir aðrir að njóta hinnar einstöku miðnætursólar.

Keppt var í fjórum flokkum eins og undanfarin ár en þeir eru **opinn flokkur án forgjafar, með forgjöf, konur án forgjafar og 55 ára og eldri án forgjafar**. Einnig var keppt í liðakeppni á meðan mótinu stóð og var valið í liðin af handahófi. Þrjú bestu skorin af fjórum giltu hvorn dag fyrir sig og sigurliðið skipuðu þau Marsibil Sigurðardóttir, Samúel Gunnarsson, Njáll Harðarson og Chris Buckley.

Marsibil Sigurðardóttir úr GHD varð Arctic Open meistari 2015 með samanlagt 79 punkta.

Undanfarin ár hefur verið fjáröflun til styrktar góðgerðarsamtökum á Eyjafjarðarsvæðinu. Í ár var





ákveðið að styrkja Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri. Óhætt er að segja að keppendur hafi staðið sig frábærlega þegar að kom að þessu. Það var svo síðla næturs seinni keppnisdaginn að Jónas Þór Hafþórsson, kylfingur úr GA, gerði sér lítið fyrir og fór holu í höggi á 18.holunni! Með þessu vann Jónas sér inn 1.0 milljón króna og gaf hann



Hollvinasamtökum Sjúkrahússins 500.000 krónur. Einnig stóð Arctic nefndin fyrir vippeppni og söfnuðust í henni rúmar 100 þúsund krónur sem einnig fóru til Hollvinasamtakanna. Það er svo gaman að bæta við að fyrir um daginn fór Þorvaldur Birgisson einnig holu í höggi, en það var á 4.braut vallarins.

Á laugardagskvöldinu var lokahóf mótsins haldið í Golfskálanum að Jaðri. Jón Vídalín sá um glæsilegar veitingar og Vernharð Þorleifsson sá um veislustjórn og vakti mikla lukku. Vel var mætt í lokahófið í blíðskapar veðri.

Arctic Open nefndin var virkilega sátt við hvernig til tókst með mótið á þessu ári og einbeitir sér nú að því hvernig eigi að gera enn betur á næsta ári. Ekki var annað að heyra á keppendum en mikla ánægju með mótið í ár og erlendir gestir voru margir hverjir farnir að skipuleggja næstu heimsókn til Akureyrar ☺

F. h Arctic open nefndar

John Júlíus Cariglia

Formaður



SKÝRSLA NÝLIÐANEFNDAR

Markmið nýliðanefndar eru aðallega tvö þ.e. að taka á móti nýjum félagsmönnum og stuðla að fjölgun félagsmanna 18 ára og eldri.

Fjölgun félagsmanna er samvinna á milli stjórnar GA, þjálfara, nýliðanefndar og allra kylfinga GA.

Vetrarstarfið var ekkert af hálfu nýliðanefndar síðastliðinn vetur þrátt fyrir einhvern áhuga nefndarinnar.

Nýliðakvöld voru 4 á þessu ári en byrjuðu fljótlega eftir að völlumurinn opnaði. 9. júní var fyrsta kvöldið og síðasta kvöldið var 30. júní í ár. Mæting var mjög léleg svo ákveðið var að hætta við nýliðamót í september. Veðrið var sæmilegt sl. sumar en áhugi nýrra sem nýlegra félaga mjög lítill. Samtals 11 frekar lítið vanir mættu á þessi 4 mót. Sumir mættu einu sinni en aðrir oft. Vanir spilarar voru nokkuð duglegir að mæta og þökkum við þeim kærlega fyrir. Samtals tóku um 21 manns þátt í þessum nýliðakvöldum og spiluðu 36 hringi.

Við í nefndinni veltum því fyrir okkur hvort þörfin fyrir þessa nefnd sé lengur til staðar eftir að nýr 6 holu völlumur verður tekinn í notkun á næsta eða þarnæsta ári.

Nýliðanefndin.



SKÝRSLA KVENNANEFNDAR

Kvennastarf Golfklúbbs Akureyrar hefur verið í miklum blóma þetta árið. Konur er í auknum mæli að mæta á golfvöllinn og taka þátt í því kvennastarfi sem þar fer fram. Það er komin áralöng hefð fyrir fjöldamörgum uppákomum sem kvennanefndin sér um og hafa konur verið duglegar að mæta og taka þátt í því sem við höfum boðið upp á hverju sinni. Gleði og gaman er þá alltaf haft að leiðarljósi hjá okkur þó að keppnisskapið sé ekki langt undan.

Vorfundur 6. mars 2015. Vídalín veitingar sá um hlaðborðið að vanda. Skipt var um tvær stjórnarkonur en þær Bryndís Friðriksdóttir og Guðrún Steinsdóttir fóru út og í þeirra stað komu Birgitta Guðjónsdóttir og Lilja Sigurðardóttir. Vorferðin var kynnt og farið yfir sumarstarfið. Þá var spilað bingó og sprellað fram á kvöld.

Vorferð 14 – 16 maí 2015. Að þessu sinni var farið í Borgarnes og fóru 24 konur með. Farið var með rútu og gist var á Icelandair hótél Hamar í Borgarnesi í tvær nætur. Spilaðar voru 9 holur á Hamarsvelli á komudegi, 18 holur á Garðavelli á Akranesi næsta dag og 18 holur á Hamarsvelli á heimfarardegi. Tókst ferðin vel og voru konur almennt ánægðar enda flestar orðnar þaulvanar að fara svona ferðir saman og leysa úr öllum málum sem upp kunna að koma.

Arctic Open var 25. og 26. júní. GA konur sáu um afgreiðslu veitinga í hinu vinsæla kakótjaldi.

Kvennakvöldin voru fjögur þetta árið. Fyrirkomulagið á þessum kvöldum er að vön/óvön spila saman eins og hægt er. Þetta er þannig hugsað að þær sem reyndari eru leiðbeina þeim sem styttra eru komnar og fara með þeim yfir reglur og umgengi á golfvöllinum. Enduðum svo á því að taka eitt alvöru 9 holu punktamót með forgjöf sem tókst í alla staði mjög vel. Allt er þetta til gamans gert og gott fyrir þær sem eru að stíga sín fyrstu skref á golfvöllinum. Mjög góð þátttaka var á öllum þessum kvöldum.

Hatta- og pilsamót 17. Júlí. Góð þátttaka er alltaf á þetta mót þar sem konur mæta í sínu fínasta pússi og setja upp hatta. Eftir mótið var borðað saman hjá Vídalín veitingum. Spilaðar voru 9 holur og fjöldi verðlauna veitt t.d. flottasta dressið og fæstu þúttin en þar er veittur sérstakur gripur sem hefur verið í árafjöld innan klúbbsins. Þá var í fyrsta skiptið veittur farand- og eignabíkar fyrir 1. sætið en þessa verðlaunagripi fengum við að gjöf frá Vilhelm Jónsson og kunnum við honum bestu þakki fyrir. Þetta var hin mesta skemmtun og allar fóru glaðar heim.

Súpukvöld 3. September. Þetta var lokaviðburður kvennanefndarinnar á árinu. Spilaðar voru 9 holur og síðan fengum við góða súpu, brauð og sallat hjá Vídalín veitingum. Mörg verðlaun voru í boði og má þar helst nefna „sexý“ verðlaunin en þau eru veitt fyrir flestar sexur á hringnum. Mikið fjör var á þessum kvöldi eins og öðrum kvöldum þar sem „golfgellur“ koma saman.



Margir fundir hafa verið haldnir hjá kvennanefndinni auk þess sem við erum duglegar að nota sérstaka síðu fyrir nefndina á Facebook til að vera í samskiptum okkar á milli. Þá erum við með mjög öfluga síða fyrir félagskonur á Facebook, „GolfgellurAkureyri“, sem er mikið notuð til að koma skilaboðum til kvenna, en síðan er með 88 meðlimi. Einnig notum við GA síðuna og sendur er út póstur til félaga frá skrifstofunni á Jaðri. Þannig að upplýsingastreymi ætti að vera mjög gott og hefur það sýnt sig í góðri mætingu kvenna. Margir hafa styrkt okkur á þessu ári og vorum við með sérstakt átak þar sem við höfðuðum til kvennaársins og er óhætt að segja að okkur hafi verið vel tekið. Þökkum við kærlega fyrir góðan stuðning og vonandi verður áframhald á því. Einnig þökkum við fyrir gott samstarf við starfsfólkið á Jaðri en þau hafa verið boðin og búin til að aðstoða okkur á allan hátt við hvað eina sem við biðjum um. Takk fyrir það, við kunnum vel að meta það!

Að lokum viljum við þakka öllum „golfgellum“ fyrir frábært golfár og vonandi eigum við eftir að eiga margar góðar stundir innan sem utan vallar á því næsta.

Takk fyrir okkur!

Kvennanefndin 2015





SKÝRSLA ÖLDUNGANEFNDAR

Starf eldri kyfinga var með hefðbundnu sniði, það er að undirbúa þátttöku í sveitakeppni. Þó var sú nýbreytni í ár að æfingar voru haldnar einu sinni í viku í sumar undir handleiðslu Sturlu golfkennara. Í ár var keppnin haldin hjá Golfklúbbum Þverá, Hellishólum þar sem konurnar spiluðu og hjá Golfklúbbi Öndverðarness þar sem karlarnir spiluðu. Stelpurnar spiluðu í nú í 1. deild og spiluðu virkilega vel en áttu við ramman reip að draga þar sem margar sterkar sveitir voru skráðar til leiks. Það fór svo að sveitin okkar féll niður í 2. Deild eftir miklar baráttu þar sem litlu mátti muna.

Karlasveitin okkar lék einnig ágætlega og var mjög nálægt því að spila til úrslita í efri hlutanum eftir riðlakeppnina. Það fór svo þannig að þeir enduðu í 5. sæti.

Karlasveitina skipuðu þeir, Björgvin Þorsteinsson, Haraldur Júlíusson, Viðar Þorsteinsson, Vigfús Ingi Hauksson, Guðmundur Lárusson (liðsstjóri), Allan Peng, Bjarni Ásmundsson, Halldór Rafnsson og Albert H. Hannesson

Kvennasveitina skipuðu Eygló Birgisdóttir, Þórunn Anna Haraldsdóttir (liðsstjóri), Jakobína Reynisdóttir, Unnur Elva Hallsdóttir, Halla Sif Svavarsdóttir, Birgitta Guðjónsdóttir, Dóra Kristín Kristjánsdóttir og Anna Einarsdóttir.



SKÝRSLA AFREKS OG UNGLINGANEFNDAR

Síðastliðið hefur verið viðburðarríkt og mikið um að vera og virkilega góður árangur náðist í mótum sumarsins.

Það er ávallt mikið um að vera hjá krökkunum okkar yfir vetrartímam, síðastliðinn vetur stóðu unglingarnir fyrir þúttmótaröð í golfhöllinni. Mótaröðin var ágætlega sótt, hefðun þó gjarnan vilja sjá fleiri þar sem þetta er mikilvægur þáttur í fjáröflun krakkanna fyrir sínum æfingaferðum. Einnig héldu unglingar jóla- og páskapúttmót og var ágætis þátttaka í þeim.

Á sumardaginn var svo hið árlega kaffihlaðborð unglinganeftndar haldið á uppá Jaðri og var það að venju mjög vel sótt og gættu GA félagar sér á gómsætu kökuhlaðborði.

Síðastliðinn vetur urðu þær breytingar að nýr golfkennari var ráðinn í stað Brian Höjgaard sem hafði verið kennari hjá okkur undanfarin tvö ár. Við starfinu tók Sturla Höskuldsson og mætti hann til starfa 1. apríl. Þar sem að Brian hætti störfum 1. febrúar þá voru það Árni Jónsson og Friðrik Gunnarsson sem sáu um golfkennsluna á því tímabili. Við fengum svo Birgi Leif Hafþórsson atvinnukylfing í heimsókn til okkar yfir eina helgi á þessu tímabili og tókst sú heimsókn virkilega vel.

Á vormánuðum var ákveðið var að fara í hópæfingarferð á Akranes mánaðarmótin apríl-maí. Vellirnir á suðurlandinu eru ávallt fyrr til en hjá okkur hér fyrir norðan og því nauðsynlegt fyrir okkar krakka að komast aðeins út á golfvöll áður en mótaröðin hefst hjá þeim. Tókst sú ferð með mikilli þrýði og tóku skagamenn virkilega vel á móti okkur.

Á Emskipsmótröðinni voru sex mót. Eitt þeirra var haldið hér á Jaðri, það var Íslandsmótið í holukeppni og tókst það frábærlega, Eyþór Ketilsson stóð sig best og komst í átta manna úrslit þar sem hann tapaði fyrir Stefáni Má Stefánssyni í bráðabana. Sannarlega flottur árangur hjá honum Eyþóri.

Í sveitakeppni karla spiluðum við í 3. deild og komust við upp í 2.deild að ári. Kvennasveitin spiluðu í 2.deild og komust þær upp í 1.deild að ári. Karlasveitin spilaði í Grundarfirði og hana skipuðu þeir Kristján Benedikt Sveinsson, Ævarr Freyr Benediktsson, Tumi Hrafn Kúld, Eyþór Hrafnar Ketilsson, Stefán Einar Sigmundsson og Fannar Már Jóhannsson. Kvennasveitin spilaði í Hveragerði og sveitina skipuðu þær, Stefanía Elsa Jónsdóttir, Stefanía Kristín Valgeirsdóttir, Andrea Ýr Ásmundsdóttir, Ólavía Klara Einarsdóttir, Sunnar Sævarsdóttir og Brynja Herborg Jónsdóttir. Eins og fyrr sagði þá tryggðu stelpurnar sér sæti í efstu deild að ári með því að sigra deildina í ár.

Á Íslandsbankamótaröðinni voru sex mót. Það var farið hópferð á hvert mót og tókst það vel. Þau voru vel sótt af unglungum okkar. Vorum við með marga kylfinga og helst er að nefna að við náðum í þrjá Íslandsmeistararitla af 6 mögulegum í Íslandsmótinu í holukeppni, Andrea Ýr í 14 ára yngri kvk, Kristján Benedikt í 15-16 ára kk og Tumi Kúld sem varði titilin síðan í fyrra í 17-18 ára flokki. Svo náði hún Andrea Ýr líka í Íslandmeistaratitil í högguleik eftir þriggja holu umspil og varð á endanum stigameistari í sínum flokki. Sannarlega frábær árangur hjá Andreu sem og öllum okkar krökkum.

Í sveitakeppni 18 ára og yngri pílta sem spiluð var á Jaðri stóð sveit GA uppi sem sigurvegarar eftir hörku spennandi leik við Keilir. Einnig vorum við með tvær aðrar sveitir í sama móti, sameiginlega sveit með GHD og GÓ og svo sameiginlega sveit með GH. Stóðu drengirnir sig virkilega vel í mótinu. Einnig sendi GA



sameiginlega sveit með GÓ í sveitakeppni 15 ára og yngri stúlkna og þar enduðu þær í öðru sæti.
Sannarlega frábær árangur þar.

Framtíðin er mjög björt, þetta er stór og góður hópur og eigum við að vera stolt af þeim og vonandi fer hann stækandi... við segjum ÁFRAM GA!

F.h. Afreks og unglínganefndar

Anton Ingi Þorsteinsson.